



Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. janúar til 30. júní 2024

Efnisyfirlit**Blaðsíða**


Helstu niðurstöður	1
Skýrsla bankaráðs og bankastjóra	2 - 3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024	6
Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024	6
Efnahagsreikningur samstæðunnar 30. júní 2024	7
Eiginfjárfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024	8
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024	9 - 10
Skýringar við árshlutareikning	11 - 60

Helstu niðurstöður


Íslenska ánægjuvugin



Hagnaður



Arðsemi eigin fjár



Lánshæfismat


uppfært 4. apríl 2024

BBB+


með stöðugum horfum

S&P Global Ratings

Rekstrartekjur samtals



Kostnaðarhlutfall (K/T)




UFS-áhættumat




Sustainalytics metur áhættu Landsbankans vegna UFS-þátta sem hverfandi.

Heildareignir



Eiginfjárhlutfall alls




BREEAM vottun




Hönnun á nýbyggingu bankans við Reykjastræti 6 fékk einkunnina frábært (e. excellent) samkvæmt BREEAM-staðli

Útlán og kröfur á viðskiptavini



Heildarlausafjárþekja (LCR)



Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) leggja fram skýrslu þessa með könnuðum og samandregnum árschlutareikningi samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrri helming ársins 2024 sem hefur að geyma reikningsskil bankans og dótturfélaga hans (hér eftir „samstæðan“).

Rekstur tímabilsins

Hagnaður samstæðunnar á fyrri helmingi ársins 2024 nam 16.121 milljón króna (1H 2023: 14.473 milljónir króna). Arðsemi eigin fjár var 10,5% (1H 2023: 10,3%), en bankinn hefur væntingar um að arðsemin á ársgrundvelli verði á bilinu 11-13%. Hlutfall kostnaðar af tekjum var 33,1% (1H 2023: 36,1%). Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 29.135 milljónum króna og halda áfram að aukast með góðri ávöxtun lausafjár í háu vaxtaumhverfi ásamt því sem efnahagsreikningur bankans fer stækkandi. Aukningin nemur 5,8% á milli ára. Hreinar þjónustutekjur námu 5.378 milljónum króna og dragast saman um 6,5% á milli ára. Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði nam 5.735 milljónum króna (1H 2023: 2.543 milljóna króna hreinn hagnaður) og er tilkominn vegna hækkunar bæði á gangvirði hlutabréfa og skuldabréfa. Hrein virðisýrningun fjáreigna nam 3.460 milljónum króna á tímabilinu (1H 2023: 1.591 milljóna króna virðisýrningun). Stærstan hluta virðisýrningunnarinnar á tímabilinu má rekja til óvissu um fjárhagslegar afleiðingar náttúruhamfara á Reykjanesi. Laun og launatengd gjöld námu 8.423 milljónum króna og aukast um 1,3% á milli ára, einkum vegna samningsbundinna hækkana. Meðalfjöldi ársverka á tímabilinu var 824 (1H 2023: 816).

Í lok fyrri helmingis ársins 2024 nam eigið fé samstæðunnar 303.262 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt ákvæðum laga um fjármálfyrirtæki var 24,4% í lok tímabilsins (í árslok 2023: 23,6%). Heildareignir námu 2.075.463 milljónum króna og aukast um 5,9% frá upphafi árs. Útlánavöxtur er kröftugur en útlán aukast um 6,6% á fyrri helmingi ársins. Útlán til fyrirtækja aukast um 81,7 milljarða króna og útlán til einstaklinga um 23,6 milljarða króna. Útlánaaukningin er að meginstofni til í verðtryggðum útlánnum, sem aukast um 103 milljarða króna. Heildarinnlán námu 1.148 milljörðum króna í lok fyrri helmingis ársins 2024 og aukast um 100 milljarða króna frá byrjun árs, eða um 9,5%. Bókfært virði fjármögnunar á markaði jókst um 15,5 milljarða króna á sama árschluta.

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. apríl 2024, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2023 sem nemur 0,70 krónum á hlut og að arðgreiðslan verði tvískipt. Arðgreiðslurnar nema hvor um sig 0,35 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 24. apríl sl. en sú síðari verður innt af hendi þann 16. október 2024. Arðgreiðslurnar nema í heild 16.530 milljónum króna.

Áhættuþættir

Gæði útlánasafns bankans í heild eru mikil, lausafjárstaðan sterk og markaðsáhætta vel innan marka áhættuvilja. Nokkur óvissa ríkir um framvindu og endanleg áhrif náttúruhamfara á Reykjanesi á lánasafn og afkomu bankans, en á heildina litið eru áhrifin takmörkuð. Nánar er fjallað um áhættu bankans vegna náttúruhamfaranna á Reykjanesi í skýringu 3.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjástýringu samstæðunnar koma fram í skýringum við ársreikning samstæðunnar og Pillar III áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2023, ásamt Pillar III viðauka fyrir annan ársfjórðung 2024, sem eru aðgengileg á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Efnahagsþróun

Landsframleiðsla dróst saman um 4% á fyrsta ársfjórðungi. Samdráttinn má að langmestu leyti rekja til loðnubrests. Verulega hefur tekið að hægja á gangi hagkerfisins á síðustu mánuðum, en einkaneysla jókst aðeins um 0,2% á fyrsta fjórðungi og fjármunamyndun um 2,4%. Hagfræðideild Landsbankans spáir því að hagvöxtur verði undir 1% á þessu ári.

Verðbólga mældist að meðaltali 6,0% á öðrum ársfjórðungi og þróaðist nokkurn veginn í takt við væntingar. Íbúðaverð hefur sótt á og hækkaði um 9,1% á síðustu 12 mánuðum. Hagfræðideildin spáir því að verðbólga haldist nær óbreytt fram í október. Meginvextir Seðlabankans hafa verið 9,25% frá því í ágúst í fyrra og með hliðsjón af verðbólguhorfum telur Hagfræðideildin að vextir verði ekki lækkaðir fyrr en skýr merki eru um viðvarandi hjöðnun verðbólgu, í fyrsta lagi á fjórða ársfjórðungi.

Lítillaga virðist hafa dregið úr spennu á vinnumarkaði á síðustu mánuðum og eftirspurn eftir vinnuafli hefur róast. Launahækkanir eru þó nokkuð minni en í fyrra, í samræmi við hóflegri ákvæði nýrra kjarasamninga, og atvinnuleysi er lítillaga meira en á sama tíma í fyrra.

Stjórnarhættir

Bankaráð Landsbankans var kjörið á aðalfundi þann 19. apríl 2024. Jón Þ. Sigurgeirsson er formaður bankaráðs. Aðrir aðalmenn eru Eva Halldórsdóttir, sem var kjörin varaformaður í kjölfar aðalfundarins, Kristján Þ. Davíðsson, Rebekka Jóelsdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir, Þór Hauksson og Örn Guðmundsson. Varamenn eru Sigurður Jón Björnsson og Stefanía Halldórsdóttir.

Auk þess að vera aðalmenn í bankaráði gegnir Steinunn formennsku áhættunefndar og Örn formennsku endurskoðunarnefndar bankaráðs. Auk þess að vera formaður bankaráðs gegnir Jón formennsku starfskjaranefndar ráðsins.

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Sjálfbærni

Í júní sl. birti Reitun UFS-mat fyrir bankann þar sem bankinn heldur sama stigafjölda og í fyrra (90 af 100) sem gefur einkunnina A3 (hæst A1). Ekkert annað fyrirtæki er með hærri einkunn hjá Reitun. Þessar niðurstöður undirstrika árangurinn af þeirri áherslu sem bankinn hefur lagt á sjálfbærni í starfsemi sinni.

Önnur mál

Landsbankinn og Kvika undirrituðu samkomulag um kaup Landsbankans á TM tryggingum hf. („TM“) þann 30. maí 2024, í kjölfar skuldbindandi kauptilboðs sem Landsbankinn lagði fram þann 15. mars sl. Kauptilboðið var upphaflega gert með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar, sem nú er lokið. Um stefnumiðaða fjárfestingu er að ræða. Markmið bankans með kaupnum er að breikka þjónustuframboð til viðskiptavina og auka fjölbreytni í tekjustoðum bankans til framtíðar. Tækifærin felast m.a. í því að Landsbankinn er með víðtækt útibúanet um land allt og býr yfir vinsælum stafrænum þjónustuleiðum. Gert er ráð fyrir að samstarf félaganna auki rekstrarhagkvæmni og að samlegðaráhrif náist bæði á tekju- og kostnaðarhlið. Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Kaupverð TM er 28,6 milljarðar króna en endanleg greiðsla fyrir félagið er háð kaupverðsaðlögun á þeim degi sem bankinn tekur við rekstri félagsins.

Í lok annars ársfjórðungs hefur meirihluti viðskiptavina í Grindavík með íbúðalán hjá bankanum kosið að selja Fasteignafélaginu Þórkötlum ehf. fasteignir sínar. Afgreiðsla á viðskiptum á milli þessara aðila var ekki að fullu lokið á fjórðungnum en þá var búið að greiða upp íbúðalán til 398 einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann og veita fasteignafélaginu lán að fjárhæð 10,3 milljarðar króna.

Í maí birti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um túlkun á tilteknum ákvæðum tilskipana Evrópusambandsins er varða fasteignalán og skilmála í neytendasamningum. Álitid var veitt að beiðni héraðsdóms í tveimur dómsmálum, annað þeirra höfðað gegn Landsbankanum, og varðar forsendur fyrir breytingum á vöxtum í ákvæðum fasteignalána. Umrætt dómsmál gagnvart Landsbankanum verður nú tekið til áframhaldandi meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Endanleg niðurstaða íslenskra dómstóla kann að hafa fordæmisgildi fyrir önnur lán en þau sem fjallað er um í ofangreindu dómsmáli. Nánar er fjallað um málaferlin og möguleg fjárhagsleg áhrif í skýringu 30.

Áritun og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrri helming ársins 2024 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna þar að lútandi.

Það er álit okkar að samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar þann 30. júní 2024 og afkomu og sjóðstreymi á fyrri helmingi ársins 2024. Enn fremur að árs hlutareikningurinn ásamt skýrslu bankaráðs og bankastjóra lýsi megináhættum og óvissuþáttum sem að samstæðunni steðja.

Bankaráð og bankastjóri staðfesta með rafrænni áritun sinni samandreginn árs hlutareikning samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrri helming ársins 2024.

Reykjavík, 18. júlí 2024

Bankaráð

Jón Þ. Sigurgeirsson, formaður bankaráðs
Eva Halldórsdóttir, varaformaður
Kristján Þ. Davíðsson
Rebekka Jólisdóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Þór Hauksson
Örn Guðmundsson

Bankastjóri

Lilja Björk Einarsdóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og hluthafa Landsbankans hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsbankans hf. (hér eftir árshlutareikning) fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu bankaráðs og bankastjóra, rekstrarreikning, heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Bankaráð og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði laga um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 18. júlí 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024

Skýringar		2024	2023	2024	2023
		1.4-30.6	1.4-30.6	1.1-30.6	1.1-30.6
6	Vaxtatekjur	44.993	38.407	86.082	72.986
	Vaxtagjöld	(30.241)	(23.938)	(56.947)	(45.451)
	Hreinar vaxtatekjur	14.752	14.469	29.135	27.535
7	Þjónustutekjur	4.004	3.851	8.035	8.043
	Þjónustugjöld	(1.362)	(1.148)	(2.657)	(2.292)
	Hreinar þjónustutekjur	2.642	2.703	5.378	5.751
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	2.783	(714)	5.735	2.543
9	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	218	40	453	104
10	Hrein virðisbreyting	(746)	520	(3.460)	(1.591)
	Aðrar tekjur og (gjöld)	177	139	146	135
	Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	2.432	(15)	2.874	1.191
	Rekstrartekjur samtals	19.826	17.157	37.387	34.477
11	Laun og launatengd gjöld	(4.190)	(4.194)	(8.423)	(8.313)
	Annar rekstrarkostnaður	(2.491)	(2.370)	(5.077)	(4.725)
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(636)	(550)	(1.236)	(1.120)
	Rekstrargjöld samtals	(7.317)	(7.114)	(14.736)	(14.158)
	Hagnaður fyrir skatta	12.509	10.043	22.651	20.319
12	Tekjuskattur	(3.544)	(3.326)	(6.530)	(5.846)
	Hagnaður tímabilsins	8.965	6.717	16.121	14.473
	Hagnaður tímabilsins tilheyrir:				
	Hluthöfum bankans	8.965	6.717	16.121	14.473
	Hlutdeild minnihluta	0	0	0	0
	Hagnaður tímabilsins	8.965	6.717	16.121	14.473
	Hagnaður á hlut				
29	Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (krónur)	0,38	0,28	0,68	0,61

Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024

Skýringar		2024	2023	2024	2023
		1.4-30.6	1.4-30.6	1.1-30.6	1.1-30.6
	Hagnaður tímabilsins	8.965	6.717	16.121	14.473
	Önnur heildarafkoma tímabilsins eftir skatta	0	0	0	0
	Heildarafkoma tímabilsins	8.965	6.717	16.121	14.473

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðunnar 30. júní 2024

Skýringar	30.6.2024	31.12.2023	
Eignir			
17, 48	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	111.224	75.350
18	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	140.235	148.182
19	Hlutabréf og hlutabréfagerningar	22.815	19.012
20	Afleiðusamningar	3.346	7.459
21, 48	Útlán og kröfur á lánastofnanir	32.511	54.101
22, 48	Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.738.585	1.630.894
	Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	1.673	1.849
	Rekstrarfjármunir	14.450	14.768
	Ófnislegar eignir	1.388	1.472
23	Aðrar eignir	7.500	6.828
	Eignir í sölumeðferð	1.736	861
	Eignir samtals	2.075.463	1.960.776
Skuldir			
	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	8.219	29.968
	Innlán frá viðskiptavinum	1.148.431	1.048.537
20	Afleiðusamningar og skortstöður	4.256	2.788
24, 48	Lántaka	529.137	513.687
25	Skattskuldir	17.075	14.647
26	Aðrar skuldir	28.720	27.219
27	Víkjandi lántaka	36.363	20.176
	Skuldir samtals	1.772.201	1.657.022
28	Eigið fé		
	Hlutfé	23.615	23.621
	Yfirverðsreikningur hlutafjár	120.516	120.593
	Varasjóðir	10.412	11.432
	Óráðstafað eigið fé	148.719	148.108
	Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum bankans	303.262	303.754
	Hlutdeild minnihluta	0	0
	Eigið fé samtals	303.262	303.754
	Skuldir og eigið fé samtals	2.075.463	1.960.776

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024

Skýringar

Hluthafar bankans											
Varasjóðir*											
Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024	Hlutfé	Yfirverðs reikningur hlutafjár	Lögbundinn	Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram greiddan arð		Gangvirðisbreytingar fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024	23.621	120.593	6.000	3.577	1.855	148.108	303.754				303.754
Hagnaður tímabilsins						16.121	16.121				16.121
Flutt (af) á bundið óráðstafað eigið fé				(573)	(447)	1.020	0				0
Kaup á eigin hlutum	(6)	(77)					(83)				(83)
Úthlutaður arður						(16.530)	(16.530)				(16.530)
28 Eigið fé 30. júní 2024	23.615	120.516	6.000	3.004	1.408	148.719	303.262			0	303.262
Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023											
Eigið fé 1. janúar 2023	23.621	120.593	6.000	2.774	3.212	122.891	279.091				279.091
Hagnaður tímabilsins						14.473	14.473				14.473
Flutt (af) á bundið óráðstafað eigið fé				(197)	24	173	0				0
Úthlutaður arður						(8.504)	(8.504)				(8.504)
28 Eigið fé 30. júní 2023	23.621	120.593	6.000	2.577	3.236	129.033	285.060			0	285.060

*í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um ársreikninga nr. 3/2006

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024

Skýringar	2024 1.1-30.6	2023 1.1-30.6
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	16.121	14.473
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	(23.727)	(21.103)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(51.720)	(22.848)
Innheimtar vaxtatekjur	73.393	58.622
Greidd vaxtagjöld	(17.422)	(10.809)
Fenginn arður	314	228
Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur fjármálafyrirtækja	(5.337)	(4.843)
Handbært fé (til) frá rekstrar	(8.378)	13.720
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir rekstrarfjármunir	(478)	(1.679)
Seldir rekstrarfjármunir	-	1
Keyptar óefnislegar eignir	(40)	(23)
Fjárfestingahreyfingar	(518)	(1.701)
Fjármögnunarhreyfingar		
24 Lántaka	69.279	59.656
24 Endurgreiðsla á lántöku	(55.241)	(45.019)
Greidd húsaleiga	(225)	(340)
27 Víkjandi lán	15.000	12.000
28 Kaup á eigin hlutum	(83)	-
28 Greiddur arður	(8.265)	(4.252)
Fjármögnunarhreyfingar	20.465	22.045
Handbært fé í upphafi tímabilsins	67.475	52.636
Breyting á handbæru fé	11.569	34.064
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	151	72
Handbært fé í lok tímabilsins	79.195	86.772
Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi		
Samþykktur arður til hluthafa	(8.265)	(4.252)
Ógreiddur arður til hluthafa	8.265	4.252
Endurflokkun rekstrarfjármuna	(436)	-
Eignir í sölumeðferð	436	-
Handbært fé sundurliðað		
17 Sjóður og innstæður í Seðlabanka	111.224	106.299
21 Innstæður hjá lánastofnunum	11.877	10.744
17 Almenn og sértæk bindiskylda við Seðlabanka	(43.906)	(30.271)
Handbært fé í lok tímabilsins	79.195	86.772

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2024

Skýringar	2024 1.1-30.6	2023 1.1-30.6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi		
6 Hreinar vaxtatekjur	(29.135)	(27.535)
8 Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum metnum á gangvirði	(5.735)	(2.543)
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	(604)	(177)
Hrein virðisbreyting	3.460	1.591
10 Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	(35)	(36)
10 Hreinar tekjur af fullnustueignum	(114)	(19)
Afskriftir	681	691
10 Hlutdeild í tapi hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð	(11)	(41)
Skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja	1.236	1.120
12 Tekjuskattur	6.530	5.846
	(23.727)	(21.103)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	(18.210)	(18.931)
Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	9.028	12.979
Breytingar á útlánum og kröfum á lánastofnanir	16.075	(15.556)
Breytingar á útlánum og kröfum á viðskiptavinum	(99.196)	(45.250)
Breytingar á öðrum eignum	3.712	(5.294)
Breytingar á eignum í sölumeðferð	(290)	39
Breytingar á skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka	(21.549)	16.017
Breytingar á innlánum frá viðskiptavinum	70.633	27.461
Breyting á frestaðri skattskuld	5	(23)
Breytingar á öðrum skuldum	(11.928)	5.710
	(51.720)	(22.848)

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðu.

Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

Skýring	Blaðsíða	Skýring	Blaðsíða
Almennt		Eiginfjárstýring	
1	Upplýsingar um félagið og samstæðuna.....	12	34 Eiginfjárkröfur.....
2	Grundvöllur reikningssskilanna.....	12	35 Eiginfjárgrunnur, áhættugrunnur og eiginfjárlutföll
3	Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir.....	12-13	36 Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL).....
4	Hagspár.....	14	37 Vogunarhlutfall
5	Starfspættir.....	15-16	
Skýringar við rekstrarreikning		Áhættustjórnun	
6	Hreinar vaxtatekjur.....	17	Útlánaáhætta
7	Hreinar þjónustutekjur.....	17-18	38 Hámarksútlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum.....
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði.....	18	39 Tryggingar og veðhlutföll
9	Hrein virðisbreyting.....	18	40 Tegundir trygginga.....
10	Aðrar tekjur og (gjöld).....	18	41 Gæði útlána og krafna.....
11	Laun og launatengd gjöld.....	18	42 Útlán og kröfur eftir stöðu vanskila.....
12	Tekjuskattur	19	43 Útlán og kröfur eftir flokkun í áhættustig.....
Skýringar við efnahagsreikning		19	44 Virðisrýrnun útlána og krafna
13	Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda.....	20-21	45 Stórar áhættuskuldbindingar.....
14	Gangvirði fjáreigna og fjárskulda.....	22	Lausafjáraáhætta
15	Ógreinanlegar forsendur í gangvirðismati	23	46 Stýring lausafjáraáhættu.....
16	Vænt útlánatap.....	23	47 Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda.....
17	Sjóður og innstæður í Seðlabanka.....	24	48 Veðsettar eignir.....
18	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum.....	24	Markaðsáhætta
19	Hlutabréf og hlutabréfagerningar.....	24	49 Stýring markaðsáhættu.....
20	Afleiðusamningar og skortstöður.....	25-26	50 Hlutabréfaáhætta.....
21	Útlán og kröfur á lánastofnanir.....	27	51 Vaxtaáhætta.....
22	Útlán og kröfur á viðskiptavini.....	27	52 Verðtryggingaráhætta (öll söfn).....
23	Aðrar eignir.....	27	Gjaldeyrisáhætta
24	Lántaka.....	28-29	53 Gjaldeyrisáhætta (öll söfn).....
25	Skatteign og skattskuld.....	29	54 Samþjöppun gjaldeyrisáhættu
26	Aðrar skuldir.....	30	55 Gengi erlendra gjaldmiðla.....
27	Víkjandi lántaka.....	30	Lykiltölur samstæðunnar
28	Eigið fé.....	30-31	56 Rekstur eftir ársfjórðungum.....
Aðrar skýringar			57 Lykiltölur og hlutföll.....
29	Hagnaður á hlut	31	
30	Málaferli.....	32	
31	Hlutdeild í dótturfélögum.....	33	
32	Viðskipti við tengda aðila.....	33-34	
33	Atburðir eftir reikningskiladag.....	34	

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Almennt

1. Upplýsingar um félagið og samstæðuna

Landsbankinn hf. (hér eftir „bankinn“ eða „Landsbankinn“) var stofnaður 7. október 2008. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur bankans er Reykjastræti 6, Reykjavík. Landsbankinn rekur víðtækt útibúanet á Íslandi. Í lok tímabilsins voru útibú og afgreiðslur bankans 34 talsins.

Árshlutareikningur samstæðu Landsbankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan“ og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi samstæðunnar er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar og annarrar tengdrar fjármálaþjónustu. Samstæðan er eingöngu með starfsemi á Íslandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IAS 34 „Árshlutareikningsskil“, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans samþykktu árshlutareikning samstæðunnar og veittu heimild til útgáfu hans þann 18. júlí 2024.

Árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar og ársreikningur og skal lesinn í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir reikningsárið 2023 sem nálgast má á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi samstæðunnar og hafa eðlilegar væntingar um að samstæðan hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Árshlutareikningur samstæðu bankans er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Starfrækslugjaldmiðill bankans og félaga innan samstæðunnar er íslensk króna (ISK). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum, námundað að næstu milljón, nema annað komi fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila samstæðunnar krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda á árshlutareikningnum. Endanlegar niðurstöður kunna hins vegar að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðunnar hefur reikningsskilaaðferðum verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðirnar eru þær sömu og beitt er í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2023.

Áhrif náttúruhamfara á Reykjanesskaga

Bankinn hefur brugðist við afleiðingum náttúruhamfaranna í Grindarvíkurbæ m.a. með því að vera aðili að samkomulagi, sem unnið var á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja, um að fella niður vexti og verðbætur af íbúðalánnum viðskiptavina bankans í Grindvík. Niðurfellingin takmarkast við vexti og verðbætur af heildarlánsfjárhæð sem nemur að hámarki 50 milljónum króna og nær til vaxta og verðbóta af greiðslum ásamt áföllnum verðbótum á heildarlánsfjárhæðina á sex mánaða tímabili. Bankinn hefur gjaldfært 251 m.kr. á fyrri helmingi ársins vegna niðurfellingarinnar og ekki er gert ráð fyrir frekari gjaldfærslu vegna þessa úrræðis.

Bankinn bauð einstaklingum jafnframt að fresta greiðslum af íbúðalánnum sínum í allt að sex mánuði. Stærstur hluti íbúðalána í Grindavík fékk því niðurfellingu vaxta og verðbóta í sex mánuði auk þess að fá frestun greiðslna í sex mánuði. Bankinn hefur einnig veitt grindvískum fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við bankann tímabundið greiðsluhlé.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir (framhald)

Áhrif náttúruhamfara á Reykjanesskaga (framhald)

Landsbankinn samþykkti á fyrsta ársfjórðungi, ásamt öðrum bönkum og lífeyrissjóðum, að taka þátt í fjármögnun á Fasteignafélaginu Þórkötlum ehf. Ríkissjóður stofnaði fasteignafélagið í þeim tilgangi að kaupa íbúðarhúsnæði í Grindavík og gefa einstaklingum með lögheimili í fasteign í Grindavík kost á að selja félaginu fasteignir sínar með forkaupsrétti.

Enn ríkir óvissa um framvindu og endanleg áhrif náttúruhamfaranna. Af því leiðir að þó nokkur óvissa ríkir um áhrifin á viðskiptavinum bankans í Grindavík og þar með lánasafn bankans. Á fjórðungnum framkvæmdi bankinn ítarlegra áhættumat á útlánum til stærri fyrirtækja í Grindavík og byggir flokkun í áhættustig á því mati. Útlán til minni fyrirtækja í Grindavík eru flokkuð undir áhættustig 2. Íbúðalán til einstaklinga í Grindavík flokkast áfram undir áhættustig 2.

Meirihluti íbúa Grindavíkur með íbúðalán hjá bankanum hefur kosið að selja Fasteignafélaginu Þórkötlum fasteignir sínar. Afgreiðslu á viðskiptum á milli þessara aðila var ekki að fullu lokið í lok annars ársfjórðungs en þá var búið að greiða upp íbúðalán til 398 einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann og veita fasteignafélaginu lán að fjárhæð 10,3 milljarðar króna. Endanleg lánsfjárhæð til fasteignafélagsins liggur ekki enn fyrir, né heldur heildarfjárhæð íbúðalána til viðskiptavina bankans sem kjósa ekki að nýta sér úrræðið. Með þessum aðgerðum hefur dregið verulega úr útlánaáhættu bankans vegna íbúðalána til einstaklinga í Grindavík en þess í stað færast útlánaáhættan yfir á útlán til fasteignafélagsins.

Lán bankans til Fasteignafélagsins Þórkötlum er fært á gangvirði. Breytingar á gangvirði lánsins eru birtar í rekstrarreikningi undir liðnum „Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“. Verðmatsaðferðin styðst við fyrirbyggjandi markaðsupplýsingar á borð við verðmæti undirliggjandi trygginga og gjaldprotalíkur.

Bankinn hefur metið þörf á virðisrýrnun útlána til annarra fyrirtækja en Fasteignafélagsins Þórkötlum og útlána til einstaklinga vegna náttúruhamfara í og við Grindavík og hefur fært 1.998 m.kr. í virðisrýrnunarsjóð í lok annars ársfjórðungs 2024. Þar af eru 1.121 m.kr. færðar sem safnframlag til að mæta aukinni áhættu sem almennt mat á virðisrýrnun er ekki talið fanga á fullnægjandi hátt. Mat á safnframlagi byggir á nánari greiningu útlána til viðskiptavina í Grindavík þar sem áhætta er metin fyrir útlánaflokka byggt á sameiginlegum áhættuþáttum. Matið byggir á sérfræðimati sem horfir til mögulegra áhrifa á greiðslugetu sem og áhrifa á verðmæti undirliggjandi trygginga.

Útlánaáhætta vegna viðskiptavina í Grindavík

Stærstur hluti útlána til fyrirtækja í Grindavík er til ferðaþjónustu og sjávarútvegs, auk láns til Fasteignafélagsins Þórkötlum. Útlán til einstaklinga í Grindavík eru annars vegar á formi íbúðalána og hins vegar annarra lána, s.s. bílálána, yfirdráttarlána og greiðslukorta.

Eftirfarandi tafla sýnir hámarksútlánaáhættu bankans gagnvart viðskiptavinum í Grindavík í lok annars ársfjórðungs 2024 eftir tegund viðskiptavina:

	Áhættustig 1			Áhættustig 2		Áhættustig 3		Virðisrýrnunarsjóður	Gangvirði	Bókfært virði
	Bókfært virði brúttó	Bókfært virði brúttó	12-mánaða vænt útlánatap	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma			
30. júní 2024										
Opinberir aðilar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0
Einstaklingar	3.379	748	(1)	2.612	(556)	19	(7)	(564)	-	2.815
Íbúðalán	2.492	-	-	2.492	(553)	-	-	(553)	-	1.939
Annað	887	748	(1)	120	(3)	19	(7)	(11)	-	876
Fyrirtæki	50.892	33.549	(81)	7.852	(632)	1.422	(721)	(1.434)	8.068	49.457
Samtals	54.271	34.297	(82)	10.464	(1.188)	1.441	(728)	(1.998)	8.068	52.272

	Áhættustig 1			Áhættustig 2		Áhættustig 3		Virðisrýrnunarsjóður	Gangvirði	Bókfært virði
	Bókfært virði brúttó	Bókfært virði brúttó	12-mánaða vænt útlánatap	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma			
31. desember 2023										
Opinberir aðilar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0
Einstaklingar	14.331	13.452	(942)	849	(75)	30	(5)	(1.022)	-	13.309
Íbúðalán	12.965	12.266	(774)	678	(48)	21	(1)	(823)	-	13.309
Annað	1.366	1.186	(168)	171	(27)	9	(4)	(199)	-	1.167
Fyrirtæki	36.959	35.541	(546)	1.175	(173)	243	(6)	(725)	-	36.234
Samtals	51.290	48.993	(1.488)	2.024	(248)	273	(11)	(1.747)	-	49.543

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

4. Hagspár

Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir og kynnir þær fyrir matsteymi bankans. Auk grunnsviðsmyndar eru útbúnar tvær frávikasviðsmyndir, jákvæð og neikvæð, þar sem frávikin eru hugsuð út frá áhrifum á virðisrýrnun. Í jákvæðu sviðsmyndinni er hagstærðum hliðrað þannig að útlánatap bankans verði minna en í grunnsviðsmyndinni, í þeirri neikvæðu þannig að útlánatap bankans aukist.

Eftirfarandi tafla sýnir ákveðnar lykil hagstærðir líkansins sem notaðar eru við útreikning á framlagi vegna vænts útlánataps. Á reikningsskiladegi gerir grunnspá Hagfræðideildar Landsbankans ráð fyrir 0,6% vexti í vergri landsframléiðslu (VLF) á árinu 2024. Spárnar fyrir jákvæða sviðsmynd, grunnsviðsmynd og neikvæða sviðsmynd sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem er til meðallangs tíma. Jákvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 10% (31. desember 2023: 10%), grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% (31. desember 2023: 70%) og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 20% (31. desember 2023: 20%). Sviðsmyndirnar voru samþykktar af matsteymi bankans þann 24. júní 2024.

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann
30. júní 2024						
Hagvöxtur	7,1%	9,6%	2,2%	2,5%	(2,8%)	(4,7%)
Atvinnuleysi	2,4%	1,2%	4,1%	3,9%	5,8%	7,2%
Stýrivextir	6,7%	1,7%	8,5%	5,9%	10,3%	10,1%
Verðbólga	2,9%	(0,1%)	5,4%	4,1%	7,9%	8,3%
Gengi Evru	132,1	106,9	148,0	146,1	164,0	185,3
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	15,9%	20,7%	8,6%	7,8%	1,3%	(5,0%)
Skuldahlutfall heimilanna	38,2%	22,0%	47,3%	41,3%	56,3%	62,4%

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann
31. desember 2023						
Hagvöxtur	7,0%	9,5%	2,1%	2,5%	(2,8%)	(4,6%)
Atvinnuleysi	2,2%	1,2%	3,9%	4,3%	5,5%	7,5%
Stýrivextir	7,0%	2,0%	8,8%	6,2%	10,5%	10,3%
Verðbólga	4,0%	1,0%	6,5%	5,3%	9,1%	9,5%
Gengi Evru	133,1	106,8	149,3	146,5	165,6	186,1
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	11,3%	17,2%	3,9%	4,4%	(3,4%)	(8,4%)
Skuldahlutfall heimilanna	42,5%	31,2%	51,6%	52,6%	60,8%	73,9%

	30. júní 2024			31. desember 2023		
	Jákvæð sviðsmynd	Grunnsviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd	Jákvæð sviðsmynd	Grunnsviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd
Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustig 1 og áhættustig 2)	3.604	5.007	7.263	4.335	5.882	8.336
Hlutfall útlána í áhættustigi 2	3,2%	3,6%	4,2%	3,7%	4,2%	5,2%

	Fært í reikningsskilum skv. IFRS 9	
	30. júní 2024	31. desember 2023
Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustig 1 og áhættustig 2)	5.318	6.217

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

5. Starfsþættir

Starfsþáttayfirlitið fyrir samstæðuna er birt í samræmi við innri upplýsingagjöf til bankastjóra og framkvæmdastjórn sem bera ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til starfsþáttanna, sem og mati á rekstrarárangri þeirra.

Starfsemi bankans er skipt í sjö svið: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál og rekstur, Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Starfsþættir samstæðunnar samanstanda aftur á móti af fjórum megin viðskiptasviðum og öðrum sviðum. Viðskiptasviðin voru eftirfarandi í lok reikningsskilatímabilsins:

- **Einstaklingssvið** býður einstaklingum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins, upp á alhliða fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf. Áhersla er í auknum mæli lögð á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, bæði í gegnum netbanka og app bankans, ásamt hefðbundinni þjónustu í gegnum útibúanet bankans og þjónustuver.
- **Fyrirtækjasvið** býður sveitarfélögum, stofnunum, stærri fyrirtækjum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu upp á fjármálaþjónustu með aukna áherslu á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, eins og netbanka fyrirtækja og app bankans.
- **Eignastýring og miðlun** býður upp á þjónustu er snýr að viðskiptum með verðbréf, gjaldeyri, afleiður, auk víðtækrar þjónustu á sviði eignastýringar. Landsbréf hf., dótturfélag bankans, fellur undir starfsþáttuþjör Eignastýringar og miðlunar.
- **Fjárstýring og viðskiptavakt** eru einingar innan **Fjármála** sem hafa m.a. með höndum fjármögnun bankans, lausafjárstýringu, verðlagningu fjármagns innan bankans og viðskiptavakt með gjaldeyri, skuldabréf og hlutabréf. Fjárstýring stýrir einnig gengis-, vaxta- og verðtryggingaráhættu bankans, innan þeirra marka sem sett eru í áhættuvilja bankans.

Undir önnur svið falla Fjármál (að undanskildum Fjárstýringu og Viðskiptavakt), Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Einnig falla þar undir Skrifstofa bankastjóra og Innri endurskoðun.

Jöfnunarfærslur samanstanda af jöfnun innbyrðis viðskipta og rekstrarliðum sem ekki er unnt að heimfæra á starfsþætti.

Stjórnunarkostnaði annarra sviða samstæðunnar er deilt niður á viðeigandi viðskiptasvið á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Kostnaði er deilt út á viðskiptaeiningarnar á markaðsverði. Þjónusta og viðskipti sem önnur svið veita viðskiptaeiningunum eru gerð upp á einingarverði eða eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða, á grundvelli notkunar eða unninna verka. Tekjuskatti er dreift niður á starfsþætti miðað við gildandi skatthlutfall. Bankaskatti er skipt niður á viðskiptasvið í hlutfalli af skuldum.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagslega frammistöðu hvers starfsþáttar, eins og þær upplýsingar sem birtar eru í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað (tap) starfsþátta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með talið vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfsþátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Tekjur af viðskiptum við hvern einstakan ytri viðskiptavin voru innan við 10% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 30. júní 2024 og á samsvarandi tímabili árið 2023.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

5. Starfsþættir (framhald)

1. janúar - 30. júní 2024	Einstaklings- svið	Fyrirtækja- svið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskipta- vakt		Önnur svið	Jöfnunar- færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	10.696	13.863	251	4.023	260	42	29.135	
Hreinar þjónustutekjur	1.700	1.296	2.600	(243)	108	(83)	5.378	
Hrein virðisbreyting	(2.269)	(1.190)	-	(1)	-	-	(3.460)	
Aðrar tekjur og (gjöld)	51	140	88	5.904	153	(2)	6.334	
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	10.178	14.109	2.939	9.683	521	(43)	37.387	
Rekstrargjöld samtals	(3.656)	(1.719)	(1.214)	(463)	(6.531)	83	(13.500)	
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(512)	(262)	(6)	(454)	(2)	-	(1.236)	
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	6.010	12.128	1.719	8.766	(6.012)	40	22.651	
Útskiptur kostnaður	(2.421)	(1.626)	(642)	(574)	5.263	-	0	
Hagnaður (tap) fyrir skatta	3.589	10.502	1.077	8.192	(749)	40	22.651	
Tekjuskattur	(1.109)	(2.863)	(634)	(2.055)	131	-	(6.530)	
Hagnaður (tap) tímabilsins	2.480	7.639	443	6.137	(618)	40	16.121	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	15.308	28.688	3.397	(10.178)	215	-	37.430	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(5.130)	(14.579)	(458)	19.861	306	-	0	
Rekstrartekjur samtals	10.178	14.109	2.939	9.683	521	0	37.430	
30. júní 2024								
Eignir samtals	901.989	823.843	15.461	748.824	22.098	(436.752)	2.075.463	
Skuldir samtals	835.860	694.654	10.213	650.220	18.006	(436.752)	1.772.201	
Úthlutað eigið fé	66.129	129.189	5.248	98.604	4.092		303.262	

1. janúar - 30. júní 2023	Einstaklings- svið	Fyrirtækja- svið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskipta- vakt		Önnur svið	Jöfnunar- færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	9.489	11.083	277	6.516	138	32	27.535	
Hreinar þjónustutekjur	1.811	1.546	2.502	(158)	125	(75)	5.751	
Hrein virðisbreyting	(294)	(1.300)	-	3	-	-	(1.591)	
Aðrar tekjur og (gjöld)	44	48	50	2.562	91	(13)	2.782	
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	11.050	11.377	2.829	8.923	354	(56)	34.477	
Rekstrargjöld samtals	(3.494)	(1.701)	(1.156)	(485)	(6.289)	87	(13.038)	
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(445)	(227)	(6)	(439)	(3)	-	(1.120)	
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	7.111	9.449	1.667	7.999	(5.938)	31	20.319	
Útskiptur kostnaður	(2.256)	(1.508)	(595)	(511)	4.870	-	0	
Hagnaður (tap) fyrir skatta	4.855	7.941	1.072	7.488	(1.068)	31	20.319	
Tekjuskattur	(1.370)	(2.106)	(275)	(2.303)	208	-	(5.846)	
Hagnaður (tap) tímabilsins	3.485	5.835	797	5.185	(860)	31	14.473	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	19.255	24.705	3.017	(12.614)	170	-	34.533	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(8.205)	(13.328)	(188)	21.537	184	-	0	
Rekstrartekjur samtals	11.050	11.377	2.829	8.923	354	0	34.533	
30. júní 2023								
Eignir samtals	853.534	737.796	12.555	737.873	19.906	(465.295)	1.896.369	
Skuldir samtals	799.098	620.463	8.558	631.760	16.725	(465.295)	1.611.309	
Úthlutað eigið fé	54.436	117.333	3.997	106.113	3.181		285.060	

Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

Skýringar við rekstrarreikning

6. Hreinar vaxtatekjur

	1.4-30.6.2024			1.4-30.6.2023		
	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Samtals	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Samtals
Vaxtatekjur						
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	1.664	-	1.664	1.695	-	1.695
Útlán og kröfur á lánastofnanir	550	-	550	427	-	427
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	42.186	552	42.738	35.819	383	36.202
Aðrar vaxtatekjur	9	32	41	37	46	83
Samtals	44.409	584	44.993	37.978	429	38.407
Vaxtagjöld						
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(48)	-	(48)	(173)	-	(173)
Innlán frá viðskiptavinum	(20.046)	-	(20.046)	(15.446)	-	(15.446)
Lántaka	(6.554)	(2.055)	(8.609)	(5.839)	(1.011)	(6.850)
Önnur vaxtagjöld	(51)	(393)	(444)	(10)	(679)	(689)
Víkjandi lántaka	(1.094)	-	(1.094)	(780)	-	(780)
Samtals	(27.793)	(2.448)	(30.241)	(22.248)	(1.690)	(23.938)
Hreinar vaxtatekjur	16.616	(1.864)	14.752	15.730	(1.261)	14.469
	1.1-30.6.2024			1.1-30.6.2023		
	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Samtals	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Samtals
Vaxtatekjur						
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	3.346	-	3.346	2.677	-	2.677
Útlán og kröfur á lánastofnanir	1.258	-	1.258	726	-	726
